



LJÓSLEIÐARINN

Reykjavík, 22.09.2023
ÍLS

Borgarráð,
Ráðhúsi Reykjavíkur,
101 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um starfslokakjör framkvæmdastjóra Ljósleiðarans

Vísað er til tölvupóstar, dags. 6. september 2023, varðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna sem lögð var fram í borgarráði, dags. 31. ágúst 2023, þar sem „Óskað er eftir upplýsingum um starfslokasamning fyrirverandi framkvæmdastjóra Ljósleiðarans.“ Með erindi Reykjavíkurborgar var óskað eftir umsögn Ljósleiðarans ehf.

Ljósleiðarinn ehf. upplýsir að starfslok fyrrum framkvæmdastjóra félagsins voru að hans eigin frumkvæði. Stjórn félagsins og fyrirverandi framkvæmdastjóri gerðu með sér samkomulag um starfslokin þar sem kveðið var á um réttindi og skyldur beggja aðila. Upplýsingar um reikningsleg áhrif starfslokanna hafa þegar verið veittar. Þau koma fram í 6 mánaða uppgjöri Ljósleiðarans ehf. frá 25. ágúst sl.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Ljósleiðarans,
Íris Lind Sæmundsdóttir, ritari stjórnar.